

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 56/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson hrl.)

gegn

Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1994 og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og að ákærða verði svipt ökurétti ævilangt. Ákærða krefst staðfestingar héraðsdóms.

Í ákæru er ákærðu gefið að sök, auk ölvunaraksturs samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að hafa brotið gegn 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Verknaðarlýsingu í ákærinni um þann þátt er ábótavant. Þá liggur ekki fyrir sérfræðileg greinargerð um samhengi mælinga á áfengismagni í blóðsýni og þvagsýni ákærðu. Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, verður hann staðfestur.

Fella ber áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Anneyjar Ölfu Jóhannsdóttur, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 11. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. september sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 15. júní 1993, „á hendur Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur, kt. 290149–4449, Sólvöllum 19, Akureyri, fyrir að aka föstudaginn 7. maí 1993 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-74609 frá býlinu Grýtu, Eyjafjarðarsveit, áleiðis til Akureyrar þar til hún ekur bifreiðinni út af veginum við býlið Laugaland í sömu sveit.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar öku-réttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. nú lög nr. 44/1993“.

Verjandi ákærðu, Þorsteinn Hjaltason héraðsdómslögmaður, krefst þess að ákærða verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvalds og að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Föstudaginn 7. maí sl. kl. 20.00 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt, að ákærða hefði ekið fólksbifreið sinni, R-74609, út af akbrautinni skammt frá býlinu Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Upplýst var að ákærða hafði eftir óhappið farið að býlinu Grýtu ásamt ungri dóttur sinni. Á leið á vettvang barst lögreglumönnum tilkynning þess efnis að ákærða væri á heimili hreppstjóra sveitarinnar, Kristjáns Theódórssonar, Brúnum, og var ákærða handtekin þar og færð til Akureyrar á lögreglustöð vegna ætlaðs ölvunar-aksturs. Bifreið ákærðu var skilin eftir þar sem hún var utan vegar við þverbraut skammt vestan Eyjafjarðarbrautar eystri. Samkvæmt blóðtökuvott-orði vaktlæknis var tekið blóðsýni úr ákærðu kl. 21.15. Enn fremur var samkvæmt gögnum lögreglu og áritun læknis fengið þvagsýni hjá ákærðu. Alkóhólmagn í blóðsýni ákærðu reyndist samkvæmt rannsókn Rannsóknarstofu í lyfjafræði 1,89‰, en 2,75‰ í þvagsýninu. Samkvæmt gögnum lögreglu, þ.á m. varðstjóraskýrslu, sem tekin var kl. 20.45, neitaði ákærða kæruefninu og bar að hún hefði hafið neyslu áfengis eftir umferðaróhappið.

Ákærða var yfirheyrð um kæruefnið hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri þann 7. júní 1993. Ákærða skýrði þá frá því að hún hefði um klukkan 18.30 hinn 7. maí ekið bifreiðinni R-74609 frá býlinu Grýtu í Eyjafjarðarsveit, og hefði ætlan sín verið að aka til Akureyrar. Hún kvaðst þá hafa verið vel fyrirkölluð og án áfengisáhrifa. Á móts við býlið Laugaland kvaðst ákærða hafa misst vald á bifreiðinni er sprakk á hægra framhjólbarda. Ákærða kvað þetta hafa gerst eftir um 5–7 mínútna akstur, er hún ók af bundnu slitlagi með þeim afleiðingum, að bifreið hennar hafnaði utan

akbrautarinnar. Ákærða kvaðst ásamt ungri dóttur sinni hafa sloppið frá óhappinu án meiðsla en verið mjög brugðið og hrædd. Vegna þess ástands kvaðst hún hafa gripið til hvítvinsflösku, sem fyrrum eiginmaður hennar, Birgir Jónsson, hafði skilið eftir í bifreiðinni, og drukkið um helming innihaldsins. Ákærða gat þess fyrir dómi að hún væri alkóhólisti. Eftir áfengisdrykkjuna kvaðst ákærða hafa tekið dótturina úr bifreiðinni og farið með hana upp á akbrautina. Um 10–20 mínútum eftir óhappið kvaðst ákærða hafa fengið bílferð með tveimur ungum mönnum aftur að býlinu Grýtu. Þar á heimilinu kvaðst ákærða hafa drukkið úr 1½ flösku af hvítvíni og enn fremur eitthvað af sterku áfengi. Eftir um einnar klukkustundar dvöl að Grýtu, um klukkan 20.00, kvaðst ákærða hafa farið með Kristjáni Theódórssyni hreppstjóra að býlinu Brúnum.

Framburður vitna.

Vitnið Sigurður Karl Jóhannsson, f. 1975, skýrði frá því hjá lögreglu að hann hefði umrætt kvöld ekið norður Eyjafjarðarbraut eystri ásamt kunningja sínum, Þór Jónsteinssyni, fram á ákærðu og dóttur hennar á mótis við býlið Laugaland. Hann kvaðst og hafa veitt athygli fólksbifreið ákærðu þar sem hún var utan vegar um 20 metra frá akbrautinni. Að beiðni ákærðu kvaðst hann hafa ekið henni að býlinu Grýtu. Á þeirri leið kvaðst hann hafa fundið megna áfengislykt frá vitum ákærðu og var það mat hans, sem hann byggði m.a. á útliti og framkomu, að ákærða væri undir áhrifum áfengis, enda hún sjálf haft orð á því. Vitnið bar, að ákærða hefði ekki rætt sérstaklega um óhappið, en borið þá ósk fram að þeir félagar skýrðu ekki öðrum frá því. Vitnið upplýsti að eftir að ákærða var farin úr bifreiðinni hefði hann ekið aftur að bifreið hennar. Hann kvaðst þá hafa veitt því athygli að áfengisflaska lá á gólfinu farþega megin. Loks kvaðst hann hafa afengt straum af bifreiðinni.

Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Hann kvað bifreið ákærðu hafa verið utan akbrautar við gatnamót Eyjafjarðarbrautar og Þverbrautar að Hrafnagili. Eigi gat vitnið með vissu sagt til um hvenær þeir hittu ákærðu, en vísaði til þess að á vinnustað hans, Stóra-Hamri í Eyjafjarðarsveit, væri kvöldmjöltum lokið um klukkan 18.00. Vitnið skýrði og frá því að það hefði tekið um 5 mínútur að aka ákærðu frá slyssað og að býlinu Grýtu. Á þeim tíma kvaðst hann lítillega hafa rætt við ákærðu og þá heyrt frásögn hennar um áfengisneyslu.

Framburður vitnisins Þórs Jónsteinssonar, f. 1975, við aðalmeðferð málsins var í öllum aðalatriðum samhljóða framburði vitnisins Sigurðar Karls. Vitnið taldi þó að þeir félagar hefðu hitt ákærðu rétt fyrir klukkan 19.00.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu neyta áfengis en bar að hún hefði haft orð á því að hún hefði drukkið u.þ.b. ½ hvítvín. Vitnið kvaðst og hafa fundið áfengislykt af ákærðu, hún borið einkenni áfengisdrykkju, en þó verið róleg og afslöppuð í framkomu. Vitnið minntist þess ekki að ákærða hefði haft orð á orsökum útafakstursins.

Vitnið Kristján Theódórsson, hreppstjóri og bóndi að Brúnum í Eyja-fjarðarsveit, skýrði frá því fyrir dómi að ákærða hefði um klukkan 20.00 að kveldi 7. maí hringt á heimili hans frá Grýtu og tilkynnt að hún hefði þá nokkru áður misst stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún hefði hafnað utan vegar. Vitnið bar að ákærða hefði og haft orð á því að bifreið hennar hefði látið undarlega skömmu fyrir óhappið. Vitnið kvað ákærðu hafa óskað þess að hann aðstoðaði hana við að ná bifreiðinni upp á akbrautina. Vitnið kvaðst hafa orðið við þessari beiðni og því hafa ekið sem leið lá frá heimili sínu og að býlinu Grýtu, um 2 km akstursleið. Vitnið kvaðst hafa dvalið þar innan dyra í u.þ.b. 5–10 mínútur og hitt þar m.a. hús-ráðanda og fyrrum eiginmann ákærðu, Birgi Jónsson. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærða var eitthvað undir áhrifum áfengis. Vegna þessa ástands kvaðst vitnið hafa talið ófært að hún tæki við stjórn bifreiðarinnar, en þó fallist á að aka henni á slysstað, u.þ.b. 3 km vegalengd, til þess að hún gæti náð í veski sitt sem hún hafði skilið eftir í bifreiðinni. Vitnið kvað bifreið ákærðu, R-74609, hafa verið utan akbrautar um 100 metrum norðan og vestan við gatnamót Þverbrautar og Eyjafjarðarbrautar eystri. Að beiðni ákærðu kvaðst vitnið hafa náð í hvítvínslösku í bifreið hennar auk veskisins. Vitnið kvað flöskuna hafa verið á gólfi bifreiðarinnar við framfarþega-sætið. Taldi vitnið, að yfir helmingur af áfengismagninu hefði verið eftir í flöskunni. Að þessu loknu kvaðst vitnið hafa ekið ákærðu á heimili sitt, en þar hefði hún verið handtekin af lögreglu um klukkan 20.30. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli hvort ákærða drakk af nefndri áfengisflösku. Hins vegar kvaðst vitnið hafa hellt innihaldi flöskunnar niður í hugsunarleysi eftir að lögreglan hafði fjarlægt ákærðu af heimili hans. Síðar umrætt kvöld kvaðst vitnið og hafa gætt frekar að bifreið ákærðu og þá séð að hægri framhjólbarði var loftlaus.

Vitnið Birgir Jónsson, fyrrverandi eiginmaður ákærðu, bar fyrir dómi að ákærða hefði að kveldi 7. maí ekið bifreiðinni R-74609 frá heimili hans, Grýtu. Vitnið kvað ákærðu þá hafa verið án áfengisáhrifa. Vitnið kvað ákærðu skömmu síðar hafa komið aftur á heimili hans, miður sín með barn þeirra, og haft á orði að bifreið hennar hefði skemmst. Í framhaldi af því kvað vitnið ákærðu hafa hafið áfengisneyslu. Fyrir dómi treysti vitnið sér ekki til að segja til um tíma, þ.á m. komu Kristjáns Theódórssonar á heimil-

ið. Vitnið upplýsti, að hann hefði átt áfengisflöskur í bifreið ákærðu, þ.á m. Christian Brother hvítvín, og gat þess, að flöskurnar hefðu verið í bifreiðinni tveimur dögum eftir óhappið.

Niðurstaða.

Ákærða hefur eindregið neitað sök í máli þessu. Þannig hefur hún allt frá fyrstu afskiptum lögreglu haldið því fram að hún hafi hafið neyslu áfengis eftir að bifreiðin R-74609 hafnaði utan malarborinnar akbrautar skammt frá býlunum Brúnum og Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Ákærða hefur staðhæft, að nefndur atburður hafi gerst um klukkan 18.30, er skyndilega sprakk á hægri framhjólbarða. Ákærða hefur loks haldið því fram að skömmu eftir útafaksturinn hafi hún drukkið nokkurt magn áfengis, en í framhaldi af því verulegt magn áfengis á heimili fyrrverandi eiginmanns, þar sem hún dvaldi í um klukkustund. Ákærða hefur gefið þá skýringu á áfengisdrykkju sinni að hún hafi verið mjög miður sín eftir umferðarslysið. Vísaði ákærða m.a. til þess að tveggja ára dóttir hennar hefði verið í öryggissæti bifreiðarinnar í greint sinn.

Af gögnum lögreglu verður ekki séð að bifreið ákærðu hafi verið athuguð eftir óhappið eða vettvangur yfirleitt við vegamót Þverbrautar og Eyjafjarðarbrautar eystri. Þá er upplýst að blóðsýni til alkóhólrannsóknar var tekið úr ákærðu allt að 2½ klst., eftir að hún hóf áfengisneyslu, og rúmlega 1 klst. eftir að neyslu hennar lauk. Ekki er sérstaklega vikið að því í rannsóknargögnum hvenær þvagsýni ákærðu var látið í té.

Þegar framangreint er virt og jafnframt litið til framburðar vitna fyrir dómi þykir með vísan til VII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 varhugavert að telja alveg nægjanlega sannað að ákærða hafi verið með áfengisáhrifum er bifreið hennar fór út af akbrautinni við Laugaland í Eyjafjarðarsveit. Þá hefur eigi verið sýnt fram á, að ákærða hafi með saknæmum hætti átt sök á útafakstrinum þannig að varði við tilgreint ákvæði umferðarlaga.

Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, krónur 50.000,00.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hefur tafist nokkuð vegna embættisanna.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Anney Alfa Jóhannsdóttir, á að vera sýkn saka í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda ákærðu, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, krónur 50.000,00, greiðist úr ríkissjóði.
